

Ed.

828. Nefndarálit

[190. mál]

um frv. til laga um sérstakt útflutningsgjald af loðnuafurðum framleiddum á árinu 1974.

Frá minni hl. sjávarútvegsnefndar.

Við verðákvörðun á almennu fiskverði um s. l. áramót urðu miklar umræður um, hvernig mæta skyldi hækkun á oliukostnaði til báta og togara. Vitað var, að rekstur þeirra fiskiskipa, er stunda holfiskveiðar, var erfiður og afkoma hinna nýju togara var erfið, og í viðræðum forustumanna fyrir togaraútgerð við sjávarútvegsráðuneytið kom fram, að eina vonin til þess að bæta úr þessum vandræðum væri bundin í þeirri hugmynd að hirða mikið á annað hundrað milljónir af loðnuflotanum. Sjávarútvegsráðherra taldi hagnaðinn af loðnuveiðunum svo mikinn, að með einhverju móti yrði að koma í veg fyrir, að hann rynni óskiptur til þeirra, er sköpuðu verðmætið. Engin úrræði voru til fyrir togarana á því heimili, og handhægast var að hremma hluta af þessum imyndaða stórgróða og bjarga þar með hinum nýja togaraflota, eftir mikil fundahöld og vishendingu um það, að ef ekki yrði fallist á fyrirhugað skattgjald, mundi því meira tekið af loðnuverðmætinu og sett inn í Verðjöfnunarsjóðinn. Formælendur togarana og minni bátanna áttu því ekki um neitt annað að velja en að samþykkja og standa að skattlagningunni innan sinna samtaka og fara með því inn á algerlega nýjar brautir til aðstoðar vissum þætti öflunar við fiskveiðar. Í áratugi hefur sú regla gilt, að skattlagningin er almenn, og greiða allir sitt pund, hver eftir aflamagni. Enginn hefur mótmælt þessu. Það hefði ekki heldur verið gert nú, þótt langmest hefði komið frá loðnuflotanum, ef þeirri grundvallarreglu hefði verið fylgt, að hver sá, er njóta skyldi úthlutunar af skattgjaldinu, tæki fyrir fram á sig kvöðina og greiddi þá í samræmi við aflamagn, svo sem gert er í öllum tilfellum hjá fiskiskipaflotanum við myndun annarra sjóða. Á þetta var ekki fallist af hendi ráðherra og hið nýja skattform knúð í gegn með hótunum um aðra ráðstöfun hliðstæðrar upphæðar, ef aðilarnir kæmu sér ekki saman. Þetta hafði sin áhrif, og á sérstökum fundi innan samtaka fiskiskipaflotans var skattgjaldið samþykkt með nokkrum meiri hluta. Togaramenn lögðu þar með þá kvöð á allt aðra aðila að greiða til þeirra nokkuð yfir 100 milljónir króna, á sama tíma og ríkisstjórnin hafði alls engin úrræði til lausnar vanda þeirra.

Það er skoðun undirritaðs, að hér sé um að ræða brot á venjulegum skattheimtureglum og einnig gangi þessi skattheimta gegn grundvallarhugmyndum stjórnarskrárinnar um, að skattheimta skuli vera í almenningsþágu og innheimt almennt, en ekki af ákveðnum hópi manna, eins og hér er gert, eða af 1200—1300 mönnum.

Fyrir fram var reiknað með miklum aflu og uppgripahagnaði loðnubátanna og áhafna þeirra. Það er rétt, að heildaraflinn í tonnum talið varð meiri en áður, eða alls 462 832 tonn og með þátttöku 136 skipa. Meðaltal á skip er því 3 402 tonn. Nánari skipting aflans á skipin er þannig:

33	skip	eru	með	minni	aflu	en	1000	tonn.
24	skip	eru	með	aflu	frá	1000—2000	tonn	
19	—	—	—	—	—	2000—3000	—	
22	—	—	—	—	—	3000—5000	—	
20	—	—	—	—	—	5000—6000	—	
18	—	—	—	—	—	6000 og meira.		

Mjög athyglisvert við þessa aflaskiptingu er, að 76 skip (56%) eru með minni afla en nemur meðaltalinu. Þessi skip eru með rekstur, sem hvergi nærri skilar góðri útkomu fyrir þau né áhöfnina. Mörg þau aflaminni, eða 57 skip, sem eru með minna magn en 2000 tonn, afla brúttó ekki fyrir framlögðum kostnaði við veiðarnar, og sjá menn af því, hversu fráleitt er að leggja fyrir fram sérskatt á þessi skip, sem skal renna til hjálpar allt öðrum aðila. Á vertíðinni 1973 varð aflinn 441 000 tonn með þátttöku 92 skipa, er fengu að meðaltali þá 4800 tonn, eða 1400 tonnum meira á skip. Þrátt fyrir stórhækkað verð nú mun afkoma fjölda skipa vera miklum mun lakari nú en á s. l. ári. Það, sem gerir flesta ruglaða og setur allt á annan endann í ofsþjónu um mikinn hagnað úr loðnuveiðunum, er afli um 20 efstu skipanna, sem er vissulega mikill og skilar miklu til viðkomandi aðila og einnig í þjóðarbúið. Það er gömul saga og ný, að mið er tekið af toppnum, og umræður snúast síðan um, hvað mikið hann gefur í aðra hönd, en heidinni eru ekki gerð nein viðhlítandi skil. Vegna þessarar skynvillu verður raunin sú, að sífellt basl er við sjávarsíðuna og raunsæ heildarlausn fæst ekki fram fyrir atvinnugreinina sem heild. Hjá nágrannaþjóðum okkar eru miklir aflamenn heiðraðir með viðurkenningu á dugnaði sínum, en hér þykir hlýða að hundelta þá og öfunda af tekjum þeirra. Þessir menn eru þó að mati undirritaðs í slíkum sérflokk, að vert væri að móta skattalöggjöf þeim til hvatningar við veiðar, en ekki að hrekja þá í land vegna ofsköttunar. Það ætti öllum að vera ljóst, að lítt stoðar að hafa nýjar og góðar fleytur með duglausa skipstjóra og stjórnendur um borð.

Það er athyglisvert við þessa skattheimtu, að enginn þorir að viðurkenna sig sem hugmyndafræðing að henni, og ber ráðherrann það af sér, en hins vegar segja forsvarsmenn þiggjenda, að þaðan sé hún samt komin. Ráðherra sagði í umræðum um málið, að hann væri í hópi þeirra manna, er varlega vildu fara í þessu efni. En hví þá ekki að vinna að heildarlausn og koma með tillögur, sem duga mega lengur en í 5–6 mánuði og eru ekki byggðar á vægast sagt hæpinni forsendu? Að slíkum tillögum viljum við í Alþýðuflokknum standa og finna með því lausn á rekstrarvandræðum togaraflotans. Það má ekki koma til þess, að þessi þýðingarmiklu skip stöðvist vegna úrræðaleysis sjávarútvegsráðherrans í dag.

Nú er komið í ljós, að þessi mikli ímyndaði hagnaður af loðnuveiðunum ætlar að reynast minni en gert var ráð fyrir. Seinustu sölur á loðnumjöli á § 6.50 pr. eggjahvítueiningu eif. í stað § 9.00–10.30, gefur til kynna, að verðlækkun sé hugsanleg, er kunnir að nema 300–500 milljónum á loðnumjölinu. Í hinu margumrædda samkomulagi togaranna við ráðherrann um s. l. áramót var gengið út frá því, að afkomugrundvelli togaranna yrði ekki raskað seinni hluta ársins, miðað við fyrri hlutann. Nú verður ekki lengur unnt að njóta peninga frá loðnunni, og verða þá góð ráð dýr hjá ráðherranum. Það er staðreynd, að sú hugmynd er uppi hjá ríkisstjórninni að festa allt fiskverð til áramóta, þrátt fyrir kauphækkun milli 20% og 40% á vinnuafli fyrir þessi skip og þjónustu, sem hefur hækkað ekki minna. Einnig hefur olían hækkað. Hvernig ríkisstjórnin hugsar sér að tryggja togurunum áfram sömu skilyrði til rekstrar og voru á þessari vertíð, er ekki ljóst enn þá. Forsvarsmenn togaranna hafa marg sagt opinberlega, að það sé aðeins spurning um stuttan tíma, hvenær þeir verði að stöðva skipin, ef ekki kemur til aðstoð í einni eða annarri mynd. Í gær var mynduð sérstök nefnd á vegum þeirra með fulltrúum frá öllum landshlutum til þess að ræða vandann við sjávarútvegsráðherra og knýja fram lausn sem fyrst.

Ráðherrann skipaði 5. des. s. l. fjóra menn til þess að kanna rekstur skutogaranna á árinu 1973. Þessi nefnd skilaði frá sér álit um miðjan mars s. l., en ekkert hefur gerst í málinu. Það kemur fram, svo að ekki verður um villst, að verulegir örðugleikar eru fram undan hjá togurunum og tilgangslaust að hopa undan miklu lengur. Sumt af því, sem nefndin leggur til, er nothæft til úrbóta, annað alls ekki.

Grundvallaratriði er, eins og undirritaður margtók fram við umræðu um frv., að koma sér niður á lausn, sem varir lengur en 5—6 mánuði og tryggir með því, að togararnir geti starfað eðlilega. Sú lausn verður ekki bundin við það, að 1200—1300 menn séu sérskattlagðir, heldur verður þjóðin öll að sameinast um að tryggja togurunum sómasamlegan rekstur. Mikilvægi þeirra eru ekki bundin við vissa staða eða viss frystihús. Þeir skapa allri þjóðinni betri lífskjör. Í ljósi þessara staðreynda leggur undirritaður til, að frumvarpinu verði vísað til ríkisstjórnarinnar.

Það fjármagn, sem inn hefur komið í gegnum skattinn vegna útgáfu brbl., verði sem hluti af heildarlausn fyrir allan fiskiskipaflota landsmanna og þar með verði rekstur bátanna sem togaranna tryggður sómasamlegur út árið 1974.

Alþingi, 30. apríl 1974.

Jón Árm. Héðinsson.